

# Árshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2022

## Ljósleiðarinn ehf.

Kt. 691206-3780
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

LJÓSLEIÐARINN

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |


Ljósleiðarinn leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ljósleiðarinn ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem dótturfélag OR, sbr. 2. gr. laganna. Félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og engar breytingar urðu á eignarhaldi á tímabilinu en í júní sl. fól stjórn Ljósleiðarans framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að aukningu hlutafjár félagsins.

Árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga.*

Tekjur Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu námu 1.818,4 milljónum kr. (1.1.-30.6.2021: 1.619,5 milljónir kr.), rekstrargjöld 537,6 milljónum kr. (1.1.-30.6.2021: 472,1 milljón kr.) og EBITDA tímabilsins nam 1.280,8 milljónir kr. (1.1.-30.6.2021: 1.147,4 milljónir kr. ). Tap af rekstri Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022 nam 71,7 milljónum kr. (1.1.-30.6.2021: hagnaður að fjárhæð 134,4 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok tímabilsins 30.430 milljónum króna (31.12.2021: 29.521 milljónir kr.). Eigið fé nam 11.283 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2021: 11.355 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall félagsins 37,1% (31.12.2021: 38,5%).

Þann 27. maí 2022, voru tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland skuldabréf Ljósleiðarans ehf. að fenginni staðfestingu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á lýsingu fyrir Ljósleiðarann, það er útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Verðbréfin sem tekin eru til viðskipta eru græn skuldabréf í skuldabréfaflokknum LL 010641 GB sem hlotið hefur viðurkenningu óháðs aðila sem „dökkgrænn." Skuldabréfaflokkurinn er til 20 ára, verðtryggður á föstum vöxtum með jöfnum greiðslum á sex mánaða fresti.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2022 ásamt rekstrarafkomu sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022.

Reykjavík, 19. ágúst 2022

Í stjórn félagsins:

*Birna Bragadóttir*
*Gísli Björn Björnsson*
*Gunnar Ingvi Þórisson*
*Pálmi Símonarson*
*Sæmundur Friðjónsson*

Framkvæmdastjóri:

*Erling Freyr Guðmundsson*

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Ljósleiðarans ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 19. ágúst 2022

***Grant Thornton endurskoðun ehf.***

*Davíð Arnar Einarsson*
*Löggiltur endurskoðandi*

# Rekstrarreikningur
# 1. janúar til 30. júní 2022

| | 2022<br>1.1.-30.6. | 2021<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.818.431 | 1.619.480 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 140.220) | ( 141.812) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 397.385) | ( 330.254) |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | ( 537.605) | ( 472.067) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | 1.280.826 | 1.147.413 |
| Afskriftir | ( 688.795) | ( 576.202) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 592.031 | 571.212 |
| Vaxtatekjur | 4.709 | 1.552 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 683.977) | ( 404.363) |
| Gengismunur | ( 2.408) | ( 346) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | ( 681.676) | ( 403.157) |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | ( 89.646) | 168.055 |
| Tekjuskattur | 17.929 | ( 33.611) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | ( 71.716) | 134.444 |

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2022

| | Skýr. | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 28.283.189 | 27.751.777 |
| Leigueign | | 647.153 | 636.101 |
| Fastafjármunir samtals | | 28.930.341 | 28.387.878 |
| Viðskiptakröfur | | 350.315 | 394.502 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 299.046 | 705.934 |
| Handbært fé | | 850.692 | 32.501 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.500.053 | 1.132.938 |
| **Eignir samtals** | | 30.430.395 | 29.520.816 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 6.500.000 | 6.500.000 |
| Endurmatsreikningur | | 3.561.530 | 3.626.615 |
| Lögbundinn varasjóður | | 135.111 | 135.111 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.086.359 | 1.092.991 |
| **Eigið fé samtals** | | 11.282.999 | 11.354.716 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 5 | 15.268.774 | 14.269.376 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 1.290.168 | 1.308.097 |
| Leiguskuld | | 610.166 | 597.779 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals | | 17.169.108 | 16.175.252 |
| Viðskiptaskuldir | | 258.600 | 311.558 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | | 0 | 18.760 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 381.928 | 374.040 |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda | 5 | 1.266.569 | 1.215.615 |
| Næsta árs afborgun leiguskulda | | 71.190 | 70.875 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 1.978.288 | 1.990.848 |
| **Skuldir samtals** | | 19.147.395 | 18.166.100 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 30.430.395 | 29.520.816 |

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit
# 1. janúar til 30. júní 2022

| 1.1.-30.6. 2022 | Hlutafé | Sérstakur endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 6.500.000 | 3.626.615 | 135.111 | 1.092.991 | 11.354.716 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | | ( 81.356) | | 81.356 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats | | 16.271 | | ( 16.271) | 0 |
| Tap tímabilsins | | | | ( 71.716) | ( 71.716) |
| Eigið fé 30. júní 2022 | 6.500.000 | 3.561.530 | 135.111 | 1.086.359 | 11.282.999 |

| 1.1.-30.6. 2021 | Hlutafé | Sérstakur endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2021 | 6.500.000 | 870.456 | 109.588 | 809.854 | 8.289.898 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | | ( 17.756) | | 17.756 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats | | 3.551 | | ( 3.551) | 0 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | | 13.629 | ( 13.629) | 0 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 134.444 | 134.444 |
| Eigið fé 30. júní 2021 | 6.500.000 | 856.251 | 123.217 | 944.873 | 8.424.342 |

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 30. júní 2022

| | 2022<br>1.1.-30.6. | 2021<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | ( 71.716) | 134.444 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 681.676 | 403.157 |
| Tekjuskattur | ( 17.929) | 33.611 |
| Afskriftir | 688.795 | 576.202 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 1.280.826 | 1.147.413 |
| Skammtímakröfur, lækkun | 64.342 | 42.194 |
| Skammtímaskuldir, lækkun | ( 66.809) | ( 13.613) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 1.278.359 | 1.175.995 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 4.709 | 1.552 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 341.522) | ( 373.130) |
| Handbært fé frá rekstri | 941.546 | 804.417 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 1.203.131) | ( 1.146.828) |
| Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting | 384.411 | ( 909.244) |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 818.720) | ( 2.056.072) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborgun lána við lánastofnanir | ( 1.439.762) | ( 1.627.291) |
| Afborgun leiguskulda | ( 23.638) | ( 21.564) |
| Tekin ný langtímalán | 2.158.763 | 2.900.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 695.363 | 1.251.145 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 818.190 | ( 510) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 32.501 | 30.221 |
| Gengismunur handbærs fjár | 1 | 0 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 850.692 | 29.711 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 10.141 | 14.321 |
| Skammtímaskuldir, breyting | ( 10.141) | ( 14.321) |
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Veltufé frá rekstri | 928.569 | 885.420 |
| Veltufé frá rekstri greinist þannig: | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | ( 71.716) | 134.444 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi: | | |
| Afskriftir | 688.795 | 576.202 |
| Verðbætur langtímalána | 329.420 | 141.164 |
| Tekjuskattsskuldbinding | ( 17.929) | 33.611 |
| Gengismunur af handbæru fé | ( 1) | 0 |
| Veltufé frá rekstri | 928.569 | 885.420 |

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Ljósleiðarinn ehf. "félagið" er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og er hluti af samstæðuárshlutareikningi Orkuveitunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2021. Við gerð ársreiknings félagsins 2021 var í fyrsta skipti beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Samanburðarfjárhæðum í rekstri fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 hefur þar af leiðandi verið breytt til samræmis. Upplýsingar um áhrif af breyttum reikningsskilaaðferðum eru í skýringu 3. Skýringin sýnir afstemmingu á heildarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar 2021 til 30. júní 2021 samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum annarsvegar og IFRS hinsvegar.

Fjallað er um reikningsskilaaðferðir félagsins í skýringu 17 með ársreikningi 2021

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 19. ágúst 2022.

### b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 17 með ársreikningi 2021.

### c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Breyting á reikningsskilaaðferðum

Fjárhæðum í rekstrarreikningi 1. janúar til 30. júní 2021 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi skýring sýnir hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft afkomu félagsins fyrir þetta tímabil. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

***Afstemming á heildarafkomu tímabilsins 1. janúar 2021 til 30. júní 2021***

| | Ársreikninga-lög **2021** **1.1.-30.6.** | Endur-flokkað | IFRS **2021** **1.1.-30.6.** |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.619.480 | | 1.619.480 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 141.812) | | ( 141.812) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 367.317) | 37.063 | ( 330.254) |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | ( 509.130) | 37.063 | ( 472.067) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | 1.110.351 | 37.063 | 1.147.413 |
| Afskriftir | ( 550.524) | ( 25.677) | ( 576.202) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 559.826 | 11.386 | 571.212 |
| Vaxtatekjur | 1.552 | | 1.552 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 390.667) | ( 13.696) | ( 404.363) |
| Gengismunur | ( 346) | | ( 346) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | ( 389.461) | ( 13.696) | ( 403.157) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 170.365 | ( 2.311) | 168.055 |
| Tekjuskattur | ( 34.073) | 462 | ( 33.611) |
| **Hagnaður og heildarafkoma ársins** | 136.292 | ( 1.848) | 134.444 |

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

| Ljósleiðarakerfi | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Heildarverð** | | |
| Staða í ársbyrjun | 38.895.885 | 31.611.980 |
| Viðbætur á tímabilinu | 1.192.990 | 2.568.360 |
| Endurmat | 0 | 4.715.544 |
| Staða í lok tímabilsins | 40.088.875 | 38.895.885 |
| | | |
| **Afskriftir** | | |
| Staða í ársbyrjun | 11.144.108 | 8.794.171 |
| Viðbætur á tímabilinu | 661.578 | 1.146.380 |
| Endurmat | 0 | 1.203.556 |
| Staða í lok tímabilsins | 11.805.686 | 11.144.108 |
| | | |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 27.751.777 | 22.817.809 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 28.283.189 | 27.751.777 |

## 5. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Langtímaskuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum í ISK | 16.535.342 | 15.484.991 |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda | ( 1.266.569) | ( 1.215.615) |
| Langtímahluti vaxtaberandi skulda | 15.268.774 | 14.269.376 |
| | | |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda | 1.266.569 | 1.215.615 |
| | 1.266.569 | 1.215.615 |
| | | |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 16.535.342 | 15.484.991 |

Skilmálar vaxtaberandi skulda:

| | | |
|---|---|---|
| Verðtryggðar skuldir | 8.325.318 | 6.828.083 |
| Óverðtryggðar skuldir | 8.210.024 | 8.656.908 |
| | 16.535.342 | 15.484.991 |

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| 1.7.2022 til 30.6.2023/1.1.2022-31.12.2022 | 1.266.569 | 1.215.615 |
| 1.7.2023 til 30.6.2024/1.1.2023-31.12.2023 | 1.271.297 | 1.218.653 |
| 1.7.2024 til 30.6.2025/1.1.2024-31.12.2024 | 4.111.110 | 1.221.749 |
| 1.7.2025 til 30.6.2026/1.1.2025-31.12.2025 | 1.928.787 | 3.744.905 |
| 1.7.2026 til 30.6.2027/1.1.2026-31.12.2026 | 522.663 | 1.809.233 |
| Síðar | 7.434.917 | 6.274.837 |
| | 16.535.342 | 15.484.991 |

## 5. Vaxtaberandi skuldir, frh.

**Fjárhagsskilyrði lánasamninga**

Lán að fjárhæð 13.201 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (31.12.2021: 11.172 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætta á að þau falli. Í lok júní 2022 stóðst félagið öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

## 6. Viðskipti við tengda aðila

**Skilgreining tengdra aðila**

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

**Viðskipti við tengda aðila**

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

| | 2022 1.1.-30.6. | 2021 1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:** | | |
| Sala til Reykjavíkurborgar | 17.899 | 22.923 |
| Sala til félaga og stofnana undir stjórn Reykjavíkurborgar | 0 | 44 |
| Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar | 12.481 | 12.529 |
| | 30.380 | 35.495 |
| **Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:** | | |
| Kaup af Reykjavíkurborg | 23.557 | 12.160 |
| Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar | 312.271 | 333.559 |
| | 335.828 | 345.719 |
| Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki | 4.208 | 1.076 |

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Kröfur á tengd félög** | | |
| Krafa á stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 3.695 | 3.660 |
| Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur | 185.522 | 572.255 |
| **Skuldir við tengd félög** | | |
| Skuld við stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 118 | 8.494 |
| Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur | 37.496 | 37.434 |
| Skuld við systurfélag, Veitur ohf. | 67 | 2.521 |
| Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf. | 1.433 | 1.363 |
| | 38.995 | 41.318 |

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

## 7. Önnur mál

### Málaferli og kröfur

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Fjarskiptastofa, þá Póst- og fjarskiptastofnun, birti ákvörðun um þann 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmenn Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, þá Póst- og fjarskiptastofnun, Ljósleiðarans ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar en ekki liggur fyrir um stöðu áfrýjunarleyfis.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 30.6.2022.